

Fjarskipti hf.

Ársfjórðungsuppgjör 4F og ársuppgjör 2013

Kynningarfundur 27. febrúar 2014

Ómar Svavarsson, forstjóri



4F 2013: Góður rekstur og sterk fjárhagsstaða

- EBITDA jókst um 22% milli ára og nam 735 m.kr.
- EBITDA hlutfall tímabilsins 21,4%
- Hagnaður nam 201 m.kr. og hækkaði um 280%
- Tekjur hækkuðu um 3,1%
- Eiginfjárhlutfall nú 49,4%
- Handbært fé frá rekstri 682 m.kr. og hækkaði um 17,2%





Ársfjórðungsuppgjör

Fyrir 1. október til 31. desember 2013

Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

Tekjuvöxtur og aukinn hagnaður á 4F

| | 4F 2013 | 4F 2012 | Breyt. | % breyt. |
|--------------------------|---------|---------|--------|----------|
| Seldar vörur og þjónusta | 3.430 | 3.327 | 103 | 3% |
| Kostnaðarverð | 1.882 | 1.977 | -95 | -5% |
| Framlegð | 1.548 | 1.350 | 198 | 15% |
| Rekstrarkostnaður | 1.189 | 1.146 | 43 | 4% |
| EBITDA | 735 | 601 | 134 | 22% |
| EBIT | 359 | 204 | 155 | 76% |
| Hrein fjármagnsgjöld | 109 | 140 | -31 | -22% |
| Hagnaður tímabilsins | 201 | 53 | 148 | 280% |

| | | |
|--------------|-------|-------|
| Framlegð (%) | 45,1% | 40,6% |
| EBITDA % | 21,4% | 18,1% |
| EBIT % | 10,5% | 6,1% |

- Aukinn tekjuvöxtur
- Framlegðarhlutfall hækkar
- EBITDA hagnaður í góðum vexti
- Lægri fjármagnsgjöld
- Mikil hagnaðaraukning á milli ára




Mikill vöxtur í sjónvarpstekjum


| | 4F 2013 | 4F 2012 | Breyt. | % breyt. |
|------------------------|----------------|----------------|---------------|-----------------|
| Farsími | 1.284 | 1.404 | -120 | -9% |
| Gagnaflutningur | 784 | 646 | 138 | 21% |
| Fastlína | 428 | 438 | -10 | -2% |
| Sjónvarp | 414 | 255 | 159 | 62% |
| Önnur þjónusta | 520 | 584 | -64 | -11% |
| Tekjur samstæðu | 3.430 | 3.327 | 103 | 3% |



Umtalsverð hækkun á EBITDA á 4F




Breyting milli ára á EBITDA á 4F



Frjálst fjárflæði eykst milli ára

| | 4F 2013 | 4F 2012 | Breyt. | % breyt. |
|----------------------------|---------|---------|--------|----------|
| Handbært fé frá rekstri | 682 | 582 | 100 | 17% |
| Fjárfestingarhreyfingar | -548 | -630 | 82 | -13% |
| Fjármögnunarhreyfingar | -1.108 | -39 | -1.069 | 2741% |
| Breytingar á handbæru fé | -974 | -87 | -887 | 1020% |
| Gengismunur á handbæru fé | 9 | 3 | 6 | 200% |
| Handbært fé í upphafi | 1.300 | 1.094 | 206 | 19% |
| Handbært fé í lok tímabils | 335 | 1.010 | -675 | -67% |
| Frjálst fjárflæði | 295 | -59 | 354 | -600% |

Sjóðsstreymi á 4F – Breyting milli ára




Årsuppgjör 2013



Mikil hagnaðaraukning á árinu 2013


| | 2013 | 2012 | Breyt. | % breyt. |
|--------------------------|--------|--------|--------|----------|
| Seldar vörur og þjónusta | 13.176 | 13.351 | -175 | -1% |
| Kostnaðarverð | 7.267 | 7.657 | -390 | -5% |
| Framlegð | 5.909 | 5.694 | 215 | 4% |
| Rekstrarkostnaður | 4.364 | 4.450 | -86 | -2% |
| EBITDA | 2.996 | 2.768 | 228 | 8% |
| EBIT | 1.545 | 1.244 | 301 | 24% |
| Hrein fjármagnsgjöld | 491 | 663 | -172 | -26% |
| Hagnaður tímabilsins | 847 | 400 | 447 | 112% |

| | | |
|---------------------|-------|-------|
| <i>Framlegð (%)</i> | 44,8% | 42,6% |
| <i>EBITDA %</i> | 22,7% | 20,7% |
| <i>EBIT %</i> | 11,7% | 9,3% |




Aukið jafnvægi milli tekjustrauma


| | 2013 | 2012 | Breyt. | % breyt. |
|------------------------|---------------|---------------|-------------|------------|
| Farsími | 5.291 | 5.763 | -472 | -8% |
| Gagnaflutningur | 2.928 | 2.619 | 309 | 12% |
| Fastlína | 1.698 | 1.766 | -68 | -4% |
| Sjónvarp | 1.437 | 990 | 447 | 45% |
| Önnur þjónusta | 1.822 | 2.213 | -391 | -18% |
| Tekjur samstæðu | 13.176 | 13.351 | -175 | -1% |



8% hækkun á EBITDA milli ára




EBITDA hlutfall hækkar áfram



Sjóðstreymisyfirlit


| | 2013 | 2012 | Breyt. | % breyt. |
|---------------------------|--------|--------|--------|----------|
| Handbært fé frá rekstri | 2.178 | 2.295 | -117 | -5% |
| Fjárfestingarhreyfingar | -1.337 | -1.271 | -66 | 5% |
| Fjármögnunarhreyfingar | -1.507 | -296 | -1.211 | 409% |
| Breytingar á handbæru fé | -666 | 728 | -1.394 | -191% |
| Gengismunur á handbæru fé | -9 | 7 | -16 | -229% |
| Handbært fé í upphafi árs | 1.010 | 275 | 735 | 267% |
| Handbært fé í lok árs | 335 | 1.010 | -675 | -67% |
| Frjálst fjárflæði | 1.460 | 1.474 | -14 | -1% |

| | | |
|------------------------------|--------------|-------------|
| <i>Fjárfestingarhlutfall</i> | <i>10,3%</i> | <i>9,6%</i> |
|------------------------------|--------------|-------------|




Sterkur efnahagsreikningur 31. desember 2013


Eiginfjárlutfall




Hreinar vaxtaberandi skuldir



Veltufjárlutfall



Net Debt/EBITDA



Önnur mál

Hrannar Pétursson,
framkvæmdastjóri samskiptasviðs



Tæknileg viðbrögð

1. Kerfislegri uppbyggingu heimasíðunnar breytt
2. Nákvæm greining á tæknilegri hlið innbrottsins framkvæmd af erlendu sérfræðingateymi
3. Árásprófanir, nýtt áhættumat og veikleikaskannanir gerðar á öllum nettengdum tölvum í samráði við innlenda sérfræðinga
4. IP tölur viðskiptavina endursettar
5. Innbrotavarnir eflar með nýjum öflugum eldveggjum, sértækum DDOS vörnum og IPS (Intrusive Prevention System) kerfi.
6. Ný og gjörbreytt útgáfa af Mínum síðum opnuð, með ströngum innskráningarskilyrðum, aðgengilegri upplýsingum fyrir viðskiptavinum og hámarksöryggi

Persónuvernd

7. Aðgangs- og lykilorð á Mínum síðum eingöngu geymd dulkóðuð
8. Síðustu stafirnir í símanúmerum í sundurliðun máðir út til að gera upplýsingar ópersónugreinanlegar
9. Áherslur í fræðslu og þjálfun starfsmanna endurskoðaðar m.t.t. persónuverndar, gagnaöryggis og gagna meðferðar
10. Gengið úr skugga um að fjarskiptagögnum eldri en 6 mánaða sé ávallt eytt
11. Verklagsreglur uppfærðar og sendar til Póst- og Fjarskiptastofnunar til rýni
12. Ekki í boði að vista vef-SMS á vef

Miðlun þekkingar og samstarf

13. Fundir með viðskiptavinum, kerfisstjórum fyrirtækja o.fl., bæði til skýringar og til að styrkja þeirra varnir
14. Fyrirlestrar á ráðstefnum, fundir og kynningar fyrir sérfræðingum og áhugafólki um netöryggi
15. Ráðgjöf til stýrihóps á vegum innanríkisráðuneytis sem vinnur að stefnumótun ríkisins í net- og upplýsingaöryggismálum
16. Neyðaráætlun félagsins yfirfarin og endurskoðuð í samstarfi við viðskiptavinum

Úttektir, eftirlit og vottanir

17. Aukin vöktun frá Vodafone Global Security Operation Center (**GSOC**)
18. Öryggismál kortagagna yfirfarin og stefnt að umsýslu greiðslukortaupplýsinga með PCI vottuðum ferlum í mars
19. Úttekt gerð á fylgni við fjarskipta- og persónuverndarlög
20. Skjalaáætlun rýnd í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun
21. Áfram unnið að ISO 27001 vottun sem á að ljúka um mitt ár

Verklag og þjónusta

22. Vinnulag í samskiptum við lögreglu og eftirlitsaðila rýnt
23. Nýjar þjónustuleiðir í þróun með áherslu á öryggi og áhyggjulausa notkun
24. Samræmdar kröfur gerðar til allra kerfa, hvort sem þau tengjast fjarskiptakerfum eða ekki
25. Eldri öryggisleiðir rýndar og kynntar fyrir viðskiptavinum; VSDM, PC backup, Netvörn Vodafone o.s.frv.



Mikil tryggð stærstu viðskiptavina

- Allir stærstu viðskiptavinir eru áfram hjá Vodafone
 - Innviða-, öryggis- og neyðarþjónustufyrirtæki/stofnanir enn hjá Vodafone
- Allir nýgerðir samningar og innleiðingar fyrirtækja voru staðfestar
- Almenn er mikil hreyfing á markaðnum eftir aðstæðum hverju sinni
- Fjöldataölur þarf að skoða yfir lengra tímabil



Lögfræðileg málefni



- Stefna Vodafone gegn Símanum og gagnstefna Símans
 - Gert er ráð fyrir að Héraðsdómur Reykjavíkur taki málið fyrir á árinu 2014
- Stofnun nýs rekstrarfélags um rekstur sameinaðs farsímadreifikerfi Vodafone og Nova
 - Samkeppniseftirlitið hefur málið til umfjöllunar
- Boðaðar málsóknir í kjölfar innbrots
 - Einstaklingar
 - Hópmálssókn
- Stefna Tals gegn Vodafone
 - Farið fram á viðurkenningu á skaðabótarétti í kjölfar riftunar Vodafone á þjónustusamningi.
 - Vodafone telur sig eiga réttmæta kröfu á Tal fyrir 110 m.kr.





Horfur fyrir rekstrarárið 2014

Horfur fyrir rekstrarárið 2014





GÓÐ SAMSKIPTI



AÐ SETJA SIG Í SPOR ANNARRA

**AÐ GLEYMA ÞVÍ ALDREI AÐ ANNAÐ FÓLK HEFUR
ÞARFIR OG SKOÐANIR SEM ERU ÖÐRUVÍSI EN OKKAR**

**HUGREKKI, ATHYGLI
VIRÐING, ÞOLINMÆÐI**

GÓÐ SAMSKIPTI BÆTA LÍFIÐ

**AÐ LEIÐA FREKAR EN SKIPA
MUNA HLUTI SEM SNÚAST UM AÐRA**



★ GÓÐ SAMSKIPTI ERU ★
HORNSTEINN GÓÐRAR ÞJÓNUSTU

**OG ÞAU VERÐA TIL
HJÁ OKKUR SJÁLFUM**

Fyrirvari á uppgjörskynningu

Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem Fjarskipti hf. (Vodafone) telur áreiðanlegar á hverjum tíma. Ekki er þó ekki hægt að tryggja að fullu að þær séu óskekikular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru í eigu Fjarskipta hf. Kynningu þessa og upplýsingar sem í henni eru óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að öllu leyti né að hluta.

Þessi kynning er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar. Vodafone er ekki á nokkurn hátt skylt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið né gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef þær upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif.

Vodafone mun ekki uppfæra framtíðarhorfur félagsins í kynningu þessari vegna aðstæðna sem munu til koma eftir að hún hefur verið sett fram. Vodafone bendir á að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

